

Miðvikudaginn 25. október 1967.

Nr. 1/1967.

Kristján B. Magnússon

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

Ísveri h/f (Sigurður Reynir Pétursson hrl.)

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Toríason.

Verðlagning fisks.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. janúar 1967 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 14.413.95 ásamt 9% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/1960 skal setja á laggir stofnun, sem annist eftirlit með meðferð og gæðum nýs og ísaðs fisks, sem landað er til vinnslu, frá því að fiskurinn kemur í skip og þar til hann er tekinn til vinnslu. Nefnist stofnun þessi Ferskfiskeftirlitið. Í 2. gr. nefndra laga segir, að Ferskfiskeftirlitið skuli framkvæma gæðaflokkun á fiski, sem ætlaður er til vinnslu, þegar tímabært þykir. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 97/1961 um Verðlagsráð sjávarútvegsins eru ákvarðanir verðlagsráðs bindandi sem lágmarksverð, og má enginn selja sjávarafila undir því verði, sem ákveðið hefur verið eftir ákvæðum þeirra laga. Hinn 18. maí 1962 birti verðlagsráð svohljóðandi tilkynningu í Lögbirtingablaðinu: „Með tilvísun til laga nr. 97 frá 18. desember 1961 um Verðlagsráð sjávarútvegsins skal lágmarksverð á eftirtöldum fisktegundum á tímabilinu 1. júní til 31. desember 1962 vera sem hér segir:

... Skarkoli (plaiçe):

1. flokkur, 340 grömm ($\frac{3}{4}$ lb) og yfir, hvert kg. . . kr. 5.35

...

2. flokkur, 340 grömm ($\frac{3}{4}$ lb) og yfir, hvert kg. . . — 3.57

Verðflokkun samkvæmt framanrituðu byggist á gæða-flokkun Ferskfiskeftirlitsins.

Verðið er miðað við slægðan flatfisk og að seljandi afhendi fiskinn á flutningstæki við skipshlið (veiðiskíp)“. Á tíma-bílinu frá því í júní og til loka nóvember 1962 seldi áfrýjandi stefnda afla báts síns, Gyllis, ÍS 568, þar í skarkola að magni 10.677 kg. Ferskfiskeftirlitið taldi á nefndum tíma eigi ástæðu til að framkvæma gæðamat á skarkola á Suðureyri, og að-
iljar máls þessa gerðu eigi reka að því, að slíkt mat færi fram. Sex reikningar voru á áminnztum tíma gefnir út fyrir afla þeim, er lagður var upp hjá stefnda úr m/b Gylli. Var hvert kg. af skarkola þar reiknað á kr. 4.00 upp til hópa. Fékk áfrýjandi greiðslur samkvæmt reikningum þessum og kvittaði þá fyrirvaralaust.

Verðákvörðun verðlagsráðs frá 18. maí 1962 var miðuð við það, að Ferskfiskeftirlitið framkvæmdi gæðaflokkun á fiski þeim, er verðlagður var. Ferskfiskeftirlitið framkvæmdi eigi gæðaflokkun á skarkola á Suðureyri á þeim tíma, er kaup aðilja máls þessa gerðust. Verður stefnda eigi gefin sök á aðgerðaleysi Ferskfiskeftirlitsins. Áfrýjandi krafðist eigi gæðamats. Hann kvittaði hvern reikninginn á fætur öðr-um, þar sem honum var reiknað hvert kg. skarkola á kr. 4.00. Loks hófst hann eigi handa um að krefja stefnda um viðbótargreiðslur fyrir skarkolann, fyrr en liðnir voru um 22 mánuðir frá því viðskiptum aðilja lauk. Að svo vöxnu máli eru eigi efni til að taka kröfu áfrýjanda til greina. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sjó- og verzlunardómur Ísafjarðar 30. nóvember 1966.

Ár 1966, miðvikudaginn 30. nóvember, var í sjó- og verzlunardómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóhanni Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta með meðdómsmönnum Guðmundi Guðmundssyni forstjóra og Símoni Helgasyni skipaskoðunarmanni, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem var þingfest 9. júní 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. nóv. 1966, hefur Jón Grímsson, málfærslumaður á Ísafirði, f. h. Kristjáns B. Magnússonar, útgerðarmanns og skipstjóra, Aðalgötu 26, Suðureyri í Súgandafirði, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Ísafjarðarsýslu gegn Ísveri h/f, Suðureyri, til greiðslu á vangreiddu andvirði skarkola, kr. 14.413.95, ásamt 9% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt reikningi.

Aðiljar gerðu það samkomulag með sér, að málið skyldi flutt fyrir sjó- og verzlunardómi Ísafjarðar og það skyldi framvegis verða tekið fyrir í sýsluskrifstofunni.

Stefndi gerði þær dómkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnda í máli þessu og að honum yrði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnda.

Sáttaumleitun var reynd, en án árangurs.

Ákveðið var, að málið skyldi flutt skriflega.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að frá því í júní 1962 og til nóvemberloka sama ár hafi hann lagt inn hjá stefnda afla af vélbáti sínum, Gylli, ÍS 568, og þar á meðal kola, 10.677 kg. Allt hafi þetta verið stór skarkoli, veiddur á línu, og undantekning, ef smákoli hefði fundizt í aflanum. Samkvæmt tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins 18. maí 1962, sem birt var í Lögbirtingablaði nr. 59, 26. maí 1962, var verð á 1. fl. skarkola ákveðið kr. 5.35 fyrir kg. Stefnandi kvaðst hafa gert viðskiptin upp mánaðarlega og strax við fyrstu reikningsskil í júní haft uppi munnleg mótmæli, er hann sá, að skarkolinn var gerður upp með kr. 4.00 fyrir kg. Stefndi færðist undan að leiðrétta þetta, og fékkst ekki leiðrétting á verðinu fyrr en í septembermánuði 1963, er fyrir lá bréf frá Verðlagsráði sjávarútvegsins. En verðlagning skarkolans frá tímabilinu júní/nóvember 1962 fékkst ekki leiðrétt þrátt fyrir ítrekuð tilmæli. Stefnandi kvaðst því hafa neyðzt til þess að höfða mál þetta til greiðslu á mismuninum, kr. 1.35 á hvert kg. af þeim skarkola, sem seldur var stefnda. Mat á skarkola, veiddum á línu, hófst ekki fyrr en 1. júní 1963 og hafi þá

85—100% af kolanum farið í 1. fl. A, en í október hafi matsgrundvellingnum verið breytt og fari síðan minna í 1. fl. A.

Þá hafi stefnandi haldið því fram, að stefndi hafi að eigin geðþótta ákveðið kr. 4.00 fyrir hvert kg. skarkolans og hafi hann aldrei samþykkt það verð.

Stefndi styður sýknukröfu sína með þeim rökum:

1. Að samkvæmt dómsskj. nr. 6—12 hafi stefnandi kvittað án nokkurs fyrirvara fyrir móttöku á andvirði þess kola, sem stefnt sé út af, og hafi stefnandi af þeirri ástæðu fyrirgert öllum hugsanlegum rétti til viðbótarfjárheimtu vegna kolans á hendur stefnda.
2. Að samkvæmt reglum, sem gildi um viðskipti sem þessi, verði að hafa uppi athugasemdir og mótmæli þegar í stað. Stefnandi hafi ekkert aðhafzt fyrri en komið var á þriðja ár, frá því að viðskiptin fóru fram. Mótmæli og kröfur stefnanda komi því of seint fram.
3. Að fullt verð hafi verið greitt fyrir kolann og alls ekki lægra en lög stóðu til. Verðið, sem greitt var, hafi verið jafnaðar- og hagræðingarverð, sem full eining var um og byggt á þeirri reynslu, að koli af Súgandafjarðarmiðum sé að jafnaði um 70—80% 2. flokks koli, þ. e. hrognakoli eða ógróinn eftir hrygningu. Eins sé nokkuð um það, að kolinn sé goggaður og svo að sjálfsögðu alltaf eitthvað um úrgangsfisk. Kolinn, sem stefnt er út af, hafi að mestu leyti verið 2. flokks koli, sem samkvæmt tilkynningu verðlagsráðs frá 18. maí 1962 átti að greiðast með kr. 3.57 fyrir hvert kg. Þannig hafi koli úr afla Gyllis í október 1964 verið um 75% 2. flokks koli (hrognakoli og goggaður).
4. Að stefnandi hvorki krafðist þess né hlutaðist til um það, að kolinn yrði metinn.
5. Að sama verð, þ. e. kr. 4.00 fyrir hvert kg., var greitt í báðum hraðfrystihúsunum á Suðureyri á Flateyri og í Bolungarvík.

Stefndi upplýsti, að á árinu 1962 hefði verið um framleiðslutap að ræða hjá stefnda á vinnslu skarkolans.

Báðir aðiljar hafa komið fyrir dóm. Stefnandi hélt því fram, að hann hefði þegar í júní 1962 og síðan iðulega haft uppi andmæli gegn verðlagningu skarkolans og hefði stefndi jafnan lofað að leiðrétta verðið, en af því hefði ekki orðið.

Framkvæmdastjóri stefnda, Óskar Kristjánsson, hefur hins vegar algerlega mótmælt því, að stefnandi hafi haft uppi mót-

mæli gegn reikningsskilunum fyrir júnímánuð. Hann hafi löngu síðar, og alls ekki á tímabilinu júní/nóvember 1962, haft uppi munnleg mótmæli. Kvaðst hann aldrei hafa lofað stefnanda að greiða kolann miðað við 1. fl. A samkvæmt tilkynningu verðlagsráðs, en þó lofað hærra verði, ef hraðfrystihúsin í nágrenninu greiddu meira en 4 krónur fyrir kg.

Í málinu hafa verið leidd tvö vitni.

Magnús Jónsson ferskfiskeftirlitsmaður bar það, að mat á línukola hafi byrjað seinni hluta sumars 1964 á Suðureyri, en annars staðar á Vestfjörðum hefði slíkt mat ekki farið fram. Hefðu fiskkaupendur á Suðureyri óskað eftir því, að matið færi fram. Ferskfiskmatið í Reykjavík hefði ekki farið fram á, að línukolinn yrði metinn, og kvaðst vitnið hafa skilið reglugerðina um ferskfiskmat svo, að ástæðulaust væri að meta línukolann.

Ásgrímur Ingibjartur Jónsson, ferskfiskeftirlitsmaður á Suðureyri, bar það, að hann gæti ekki sagt neitt ákveðið um það, hvenær mat á línukola hafi byrjað. Reglugerð um mat á línukola hafi verið gefin út 1961. Þegar hann byrjaði að meta kolann, hafi hann metið hann eftir goggstungu og hafi þá farið um 85—100% í 1. fl. A. Í október 1964 breyttist matsgrundvöllurinn þannig, að minna fór í 1. fl. A, en þó var hann ekki viss um tímann. Hann kvaðst ekki hafa farið eftir reglum Ferskfiskmatsins á dómsskj. nr. 12 fyrr en seinni hluta ársins 1964, en í júlímánuði 1965 breyttist matið. Þá fékk hann munnleg fyrirmæli frá starfsmanni Ferskfiskeftirlitsins og samræmist þær reglur alls ekki reglunum á dskj. nr. 12. Hann sagði, að eftir matsbreytinguna seinni hluta ársins 1964 hafi 60—95% af kolanum farið í 1. fl. B (2. verðflokk). Samkvæmt núgildandi matsreglum fari goggaður, illa slægður, hrognmikill og ógróinn koli í 1. fl. B og færi um 60—90% kolans í 1. flokk B. Þá sagði hann, að stefnandi hefði aldrei beðið sig um að meta kolann.

Samkvæmt upplýsingum Verðlagsráðs sjávarútvegsins á dskj. nr. 14 er flokkun kola þannig háttáð, að það, sem Ferskfiskeftirlitið kallar 1. fl. A, nefnir verðlagsráð 1. fl., og 2. flokkur er sama sem Ferskfiskeftirlitið kallar 1. fl. B.

Stefnandi gerði í nafni Smáútvegsmannafélags Súgfirðinga 30. ágúst 1963 þá fyrirspurn til Verðlagsráðs sjávarútvegsins, hvort fiskkaupendur væru bundnir af því lágmarksverði, sem ákveðið væri á hverjum tíma. Verðlagsráðið svaraði 21. sept. s. á. Í því bréfi var tekið fram, að það ákvæði samkvæmt lögum lágmarksverð á ferskfiski tiltekin tímabil, en teldi sér hins vegar ekki fært

að gefa svar við því, hvernig skyldi fara með mál, ef um frávik frá einstökum verðákvörðunum væri að ræða og teldi það réttaratriði.

Hinn 7. desember 1965 skrifaði stefnandi í nafni sama félags til sjávarútvegsmálaráðuneytisins og skýrði frá því, að Ferskfiskmatíð á Súgandafirði hefði í október 1964 eftir beiðni fiskkaupenda tekið upp aðrar matsreglur á kola, veiddan á línu, en áður giltu og verðfellt hann með þeim hætti um rúm 30%. Fór hann fram á það, að ráðuneytið sæi um, að sjómönnum væri endurgreitt það, sem þannig væri ranglega af þeim haft. Ráðuneytið bar málið undir Ferskfiskeftirlitið, og var svar þess á þá lund, að það teldi, að matíð á kola hefði verið of strangt á Suðureyri samanborið við aðra staði á Vestfjörðum. Engin tók væru á því að endurmeta kolann, en gæðin mundu hafa verið svipuð og áður. Ferskfiskmatíð kvaðst hafa ákveðið að fylgjast sérstaklega með matinu á Suðureyri og samræma það matinu annars staðar. Ef niðurstöður matsins yrðu þannig, að álíta mætti, að sjómenn hefðu fengið of lítið fyrir kolann, mundi það gera þá kröfu til fiskkaupenda á Suðureyri, að þeir greiddu sjómönnunum mismuninn. Þessa ákvörðun kvaðst Ferskfiskmatíð hafa tilkynnt fiskkaupendunum.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið skrifaði síðan 9. febrúar 1966 til stefnanda og skýrði honum frá því, að það hefði skrifað fiskkaupendum á Suðureyri í þá átt, að svo virtist af bréfum þeim, sem farið hefðu á milli um þetta mál, að matíð á kola hefði verið of strangt á Suðureyri samanborið við aðra staði á Vestfjörðum. Það væri ósk ráðuneytisins, að fiskkaupendur tækju mál þetta til athugunar og reyndu að ná samkomulagi við sjómenn og útvegsmenn á Suðureyri um uppbætur á kolaverð s.l. ár.

Stefnandi hefur frekar rökstutt kröfur sínar með því að vísa til 10. gr. laga nr. 97 18. des. 1961 um Verðlagsráð sjávarútvegsins, en þar er svo ákveðið, að ákvarðanir verðlagsráðs séu bindandi sem lágmarksverð og að enginn megi selja sjávarafra undir því verði, sem ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum laganna.

Hann hefði þegar frá upphafi mótmælt því, að kolinn væri ranglega verðlagður, en hann hefði hins vegar ekki sérstaklega krafist þess, að mat færi fram, þó að honum væri ljóst, að stefndi væri með framferði sínu að brjóta gildandi lög um mat og flokkun á fiski. Hins vegar hefði hann gert það óbeint með því að mót-

mæla verðlagningunni. Um jafnaðar- og hagræðingarverð hafi aldrei orðið neitt samkomulag. Hann hafi margsinnis mótmælt þessu gerræði af hendi stefnda og hafi hann um tíma fallið á að bæta það upp, þó að hann hafi síðar ekki viljað kannast við það.

Þegar stefnandi sá fram á, að vanefndir yrðu, fékk hann Jón Grímsson, málfærslumann á Ísafirði, til þess 24. september 1964 að skrifa stefnda og gera kröfu til greiðslu á verðmismuninum og fól honum á hendur innheimtu á upphæðinni. Setti hann stefnda frest til 8. október 1964. Stefndi svaraði ekki þessu bréfi, og höfðaði Jón þá mál þetta.

Rök stefnda fyrir sýknukröfunni hafa áður verið rakin. En hann hefur vitnað til 2. gr. laga nr. 42/1960, en þar segir, að Ferskfiskeftirlitið skuli framkvæma gæðamat á fiski, þegar tímabært þyki. Af þessu sé ljóst, að Ferskfiskmatið, en ekki fiskkaupmenn, eigi að hefjast handa um gæðamat á fiski, en þó ekki fyrr en því þyki tímabært og að greinilegt sé, að það hafi ekki þótt tímabært á árinu 1962 og hafi á því ári hvergi á landinu farið fram gæðaflokkun á kola. Því hafi ekki verðlagsákvæði verðlagsráðs frá 18. maí 1962 komið til framkvæmda, að því er skarkolann varðaði. Heldur stefndi því fram, að fiskseljendur og fiskkaupendur hafi á þessum tíma haft frjálsar hendur um samninga á verði án afskipta verðlagseftirlits. Þess beri að gæta, að um þessar mundir hafi lögin um Verðlagsráð sjávarútvegsins og Ferskfiskeftirlitið verið ný af nálinni og framkvæmd öll á byrjunarstigi og í deigluinni. Þá kvaðst stefndi einnig byggja sýknukröfu sína á því, að með öllu sé ósannað, að stefnandi hafi fengið lægra verð en honum bar og vanræksla á mati eigi að leiða til þess, að stefnanda beri að greiða fyrir allan kolann, eins og hann hefði verið í 1. verðflokki. Reynsla sé fyrir því, að línukoli af Vestfjarðamiðum sé að jafnaði 70—80% í 2. verðflokki (1. fl. B), þ. e. hrognakoli, ógróinn eftir hrygningu, goggaður, og svo sé að sjálf-sögðu eitthvað um úrgangsfisk. Samkvæmt verðlagstilkynningunni frá 18. maí 1962 eigi sá koli að greiðast með kr. 3.57 kg., en ekki með kr. 5.35, eins og stefnukrafan miðist við. Ef miðað sé við niðurstöður síðara mats á skarkolanum, hafi 4 krónur verið eðlilegt verð sumarið 1962.

Þá hefur stefndi bent á það, að það sé löngu viðurkennt, að lögfylgjur þess, að verðlagsákvæði séu brotin, séu ekki þær, að sá, sem greitt hefur of mikið eða borið of lítið úr bítum, geti heimt til sín mismuninn, nema slíkt sé tekið fram í viðkomandi

lögum, enda mundu slíkar endurheimtur og viðbótarfjárkröfur leiða út í réttarfarslegar ógöngur, og hefur hann vitnað til hæstaréttardóma til stuðnings máli sínu (Dómasafn XXVI., 633—635 o. v.). Hann kvaðst enn byggja sýknuástæður á þeirri forsendu, að jafnvel þó svo yrði talið, að stefndi hefði greitt stefnanda of lágt verð fyrir fiskinn, þá séu engin ákvæði í lögum fyrir því, að honum beri að greiða stefnanda mismuninn á því verði, sem hann tók á móti á auglýstu lágmarksverði. Þá hefur stefndi ennþá byggt sýknukröfu sína á því, að þótt talið yrði sennilegt, að stefnandi hafi fengið of lágt verð fyrir kolann, sé ógerlegt að sanna, hver sú upphæð sé, sem vangreidd er. Hann hefur og bent á, að varðandi aðgerðarleysi stefnanda verði að hafa hliðsjón af ákvæðum laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 og viðurkenndum réttarvenjum í þá átt, að í viðskiptum sem þessum verði að hafa uppi kvartanir og mótmæli þegar í stað eða án ástæðulauss dráttar. Mætti hér hafa hliðsjón af grundvallarhugsun 6. gr. laganna, að verðákvörðun sé mótmælt þegar í stað.

Þá hefur stefndi bent á það, að stefnanda hafi verið innan handar að heimta mat, þar sem matsmaður var á staðnum. Sé alveg fjarstæða að teygja lögvernd fiskseljenda svo langt, að þeir geti fyrst samið við fiskkaupendur um ákveðið verð með þeim afleiðingum, að mat er ekki látið fara fram, og síðan mörgum árum síðar heimtað hæsta verð út á það, að mat var ekki framkvæmt. Þá bendir hann á, að hvergi í lögnum um Verðlagsráð sjávarútvegsins sé neitt bann við því, að fiskkaupendur og fiskseljendur komi sér saman um verð, enda sé það tíðkað í stórum stíl. Ferskfiskmat sé því ekki lögboðin nauðsyn og sízt að fiskkaupendum sé skylt að sjá um framkvæmd þess.

Þá hefur stefndi til vara mótmælt kröfunni sem allt of hárrí með tilliti til þess, að verulegur hluti kolans fer ævinlega í 2. verðflokk, hvort sem beitt er hinni fyrstu, hinni réttu eða hinni síðustu matsaðferð.

Þá hefur stefndi mótmælt málskostnaðarreikningi stefnanda sem allt of háum og sérstaklega dagpeningum og ferðakostnaði.

Stefnandi hefur á hinn bóginn haldið því fram, að hann hafi aldrei samið um verð fyrir skarkolann við stefnda, heldur hafi hann ákveðið það sjálfur og að hann hafi strax gert athugasemdir við það. Hafi hann viljað fá það verð, sem verðlagsráð hafði ákveðið á skarkolanum. Þá hefur hann haldið því fram, að auglýsing verðlagsráðs sýni, að því hafi þótt tímabært, að mat færi fram. Hér hafi verið um hreint lögbrot að ræða af hendi

stefnda, er hann virti að vettugi fyrirmæli verðlagsráðs. Þá hefur stefnandi bent á það, að fyrst eftir að matið á kolanum hófst, hafi mestallur kolinn farið í 1. fl. A, eða 95—99%. Úr flestum sjóferðum hafi 100% farið í 1. fl. A, í nokkrum 95% og úr engri undir 90%, en eftir að stefnandi skrifaði stefnda 24. september 1964, snerist matið alveg við. Stefnandi kvað sér hafa verið ljóst, að ekki mátti selja aflann undir hinu ákveðna lágmarksverði og ekki nema því aðeins, að mat færi fram, ef farið væri að lögum, og hefði kaupanda borið skylda til að sjá um löglegt mat á kolanum. Það þekkist áreiðanlega hvergi hér á landi, að sjómennirnir, sem selji fiskkaupendunum afla sinn, sjái um mat á honum. Hann bendir einnig á það, að lögin um verðlagsráð hafi verið sett, nær því heilu ári áður en skuldin var stofnuð, og meira en tvö ár liðin frá því, að lögin um Ferskfiskeftirlitið hafi verið sett. Ekkert liggi heldur fyrir um það í málinu, að ekki hafi verið byrjað að meta skarkola annars staðar á landinu. Þá sýni tilkynning verðlagsráðs um verð á skarkola o. fl., að það hafi talið tímabært, að byrjað væri á mati á skarkola. Að öðru leyti mæltu stefnandi öllum sýknukröfum og öllum sýknuástæðum stefnda.

Stefnanda hefur ekki tekizt að sanna í máli þessu, að hann hafi tímanlega haft uppi mótmæli gegn verði því, er stefndi ákvað á innlögðum skarkola árið 1962, eða sett fram kröfur um, að mat færi fram á honum. Sannanlega hefst hann ekki handa um gæzlu ætlaðs réttar síns fyrr en með bréfi því, sem umboðsmaður hans skrifaði stefnda 24. sept. 1964, eða um 22 mánuðum eftir að þessi viðskipti fóru fram síðast.

Þá er það sannað, að stefnandi veitti viðtöku andvirði skarkolans og kvittaði fyrir því án þess að rita á reikningsskilin neina athugasemd um þau.

Með þessu aðgerðarleysi og hinni fyrirvaralausú kvittun hefur stefnandi firrt sig rétti til þess að krefjast viðbótargreiðslna úr hendi stefnda fyrir seldan skarkola, og ber því af þessum ástæðum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Ísver h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Grímssonar f. h. Kristjáns B. Magnússonar, í máli þessu. Hvor aðili ber sjálfur kostnað sinn af málinu.
